

Iceland Seafood International hf.: Tilkynning um birtingu lýsingar og skilmála útboðs

Stjórn Iceland Seafood International hf. („Iceland Seafood“) hefur óskað eftir því að öll hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og hefur í tengslum við umsóknina og fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum í Iceland Seafood („útboðið“) birt lýsingu dagsetta 3. október 2019 („lýsingin“).

Um útboðið

Almennt útboð á hlutabréfum í Iceland Seafood hefst kl.12:00 miðvikudaginn 16. október 2019 og lýkur kl.16:00 föstudaginn 18. október 2019, nema útgefandi taki ákvörðun um að fresta útboðinu eða lengja áskriftartímabilið. Útboðið tekur til 225.000.000 hluta eða 9,63% heildarhlutafjár í félaginu. Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Kviku banka, www.kvika.is/ISI. Tvær áskriftarleiðir eru í boði og mun endanleg stærð hvorrar tilboðsbókar taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Tilboðsbók A	Tilboðsbók B
<ul style="list-style-type: none">• Hver áskrift að andvirði 100.000-10.000.000 kr.• Verðbil 9,40-9,82 kr./hlut• Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B	<ul style="list-style-type: none">• Hver áskrift að andvirði yfir 10.000.000 kr.• Lágmarksverð 9,40 kr./hlut• Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

Boðið verður upp á opinn kynningarfund á félaginu fimmtudaginn 10. október kl.16:30 í húsnæði Kviku banka, Borgartúni 25, og eru allir áhugasamir boðnir velkomnir. Einnig má í viðhengi nálgast fjárfestakynningu Iceland Seafood, kynningin er sömuleiðis aðgengileg á vefsíðu félagsins, www.icelandseafood.com/investors og á vef útboðsins www.kvika.is/ISI.

Reiknað er með að niðurstöður útboðsins liggi fyrir eigi síðar en mánudaginn 21. október 2019 og að fjárfestar geti nálgast upplýsingar um úthlutun sína þriðjudaginn 22. október. Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Markmiðið með útboðinu er meðal annars að stuðla að seljanleika hlutabréfanna og stuðla að fjölbreyttari hluthafahópi. Iceland Seafood áskilur sér rétt til að falla frá útboðinu ef áskrift er ekki móttækin fyrir alla hluti sem boðnir eru til sölu í útboðinu eða ef Nasdaq Iceland hf. samþykkir ekki fyrirbyggjandi umsókn félagsins fyrir 18. október 2019 og verða áskriftir þá gerðar ógildar. Nasdaq Iceland mun tilkynna opinberlega um fyrsta dag viðskipta með hlutabréf í Iceland Seafood, en reiknað er með að hann geti orðið þriðjudagurinn 29. október hið fyrsta.

Lýsing staðfest og birt af Fjármálaeftirlitinu

Nánari upplýsingar um útboðið og skilmála sem um það gilda er að finna í lýsingunni, sem er staðfest af Fjármálaeftirlitinu („FME“) og birt í dag. Lýsingin er gefin út á ensku og birt á vefsíðu félagsins, www.icelandseafood.com/investors og á vef útboðsins www.kvika.is/ISI. Þá hefur félagið birt samantekt á íslensku og er hún þýðing á ensku útgáfunni sem er hið staðfesta eintak. Sé misræmi milli texta í ensku og íslensku útgáfu samantektarinnar gildir sú enska.

Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskipti Kviku banka hf. hafa umsjón með því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. auk umsjónar með almennu útboði á hlutabréfum í Iceland Seafood hf. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá fyrrnefndum sviðum Kviku banka í gegnum netfangið icelandseafood@kvika.is eða í síma 540-3200.